

Til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps:

Ég hef hér samband fyrir hönd knattspyrnudeildar Íþróttafélags Uppsveita.

Við höfum undanfarið unnið í því að auka möguleika iðkenda í uppsveitum árnessýslu til að æfa og keppa í hinni fögru íþrótt.

Undirbúningur fyrir sumarið 2021 er í fullum gangi og stefnum við á að halda úti æfingum um allar uppsveitir í samstarfi við Ungmennafélögin. Að auki stefnum við á að fara á ýmis fótboltamót með 4.-7. flokk líkt og síðastliðið sumar. Við munum tepla fram liði á Íslandsmóti í meistaraflokk KK. og stefnum á að spila liði í 5. flokk KK. á Íslandsmóti í fyrsta sinn en þar spila iðkendur á aldursárunum 2009 og 2010 í 8 manna fótbolta.

Næsta sumar gæti orðið snúið fjárhagslega sökum ástandsins í samfélaginu, má þar helst nefna að erfiðara reynist að finna styrktaraðila. Við óskum því eftir styrk frá sveitarfélaginu upp að 200þ krónum og lofum í staðin líflegu og heilsueflandi knattspyrnusumri í Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Með kærri kveðju og von um jákvæð viðbrögð.
Sólmundur Magnús Sigurðarson, Formaður ÍBU.
Sími: 771-5591